

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Kársneshöfn – Vesturvör 32B. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt 14. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar fyrir Vesturvör 32B. Í breytingunni felst að á austurhlíð núverandi húss verður heimilt að koma fyrir loftnetasúlu fyrir fjarskiptabúnað. Hámarkshæð súlunnar er 17,6 m frá aðkomuhæð. Heimilt byggingarmagn á lóðinni helst óbreytt.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi – Þing. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt 11. júní 2024 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – Þing. Í breytingunni felst að mörk skipulagssvæðisins til vesturs eru aðlöguð að mörkum aðliggjandi deiliskipulagssvæðis Kjóavalla.

Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 16. júlí 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. júlí 2024